

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

**Lamisil krem**  
terbínafínhýdróklóríð 10 mg/g

### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Þetta lyf er fáanlegt án lyfseðils. Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningarnir eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækning eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lamisil krem og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Lamisil krem
3. Hvernig nota á Lamisil krem
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lamisil krem
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Lamisil krem og við hverju það er notað

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Lamisil krem er sveppalyf til að meðhöndla húðsýkingar af völdum húðsveppa. Lamisil krem verkar sem sveppaeyðir, þ.e.a.s. það drepur sveppi.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Lamisil krem

Verið getur að lækningarnir hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### Ekki má nota Lamisil krem

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir terbínafínhýdróklóríði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

#### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningum eða lyfjafræðingi áður en Lamisil krem er notað

- Lamisil krem er eingöngu til útvortis notkunar.
- Ungbörn mega ekki komast í snertingu við meðhöndlaða húð, þar með talin brjóst.
- Lamisil krem getur haft ertandi áhrif á augu. Ef þú færð það óvart í augun skaltu skola þau vandlega með vatni. Leitaðu til læknis ef þú finnur fyrir óþægindum.
- Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Má ekki nota í munni eða gleypa. Lamisil krem má ekki nota til að meðhöndla sveppasýkingar í hársverði, skeggi eða nögglum nema samkvæmt læknisráði.
- Við notkun Lamisil kreams í andliti forðist að bera kremið á svæðið í kringum augun.

#### Börn og unglingar

Lyfið má ekki gefa börnum yngri en 12 ára þar sem reynsla af notkun í þessum aldurshópi er takmörkuð.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Lamisil kremi**

Látid lækninn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð.

Þú mátt nota Lamisil krem með öðrum lyfjum.

### **Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Meðganga**

Ef þú ert þunguð áttu eingöngu að nota Lamisil krem ef brýn nauðsyn er á því þar sem reynsla af notkun lyfsins á meðgöngu er takmörkuð.

### **Brjóstgjöf**

Konur með barn á brjósti mega ekki að nota Lamisil krem þar sem terbínafrín skilst út í brjóstamjólk. Börn eiga ekki að komast í snertingu við húðsvæði sem eru meðhöndluð með Lamisil kremi.

### **Akstur og notkun véla**

Lamisil krem hefur hvorki áhrif á hæfni til aksturs né notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Lamisil krem inniheldur bensýlalkóhól**

Lyfið inniheldur 10 mg af bensýlalkóhóli í hverju grammi.

Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum og vægri staðbundinni ertingu.

### **Lamisil krem inniheldur cetýlalkóhól**

Getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

### **Lamisil krem inniheldur sterýlalkóhól**

Getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

## **3. Hvernig nota á Lamisil krem**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Til notkunar á húð.

Hreinsið og þurrkið sýkta svæðið og þvoið hendurnar.

Skrúfið tappann af, og þegar túpan er notuð í fyrsta skipti á að gera gat á innsiglið efst á túpunni með því að nota oddinn framan á tappanum, klemmið síðan túpuna varlega. Berið kremið á í þunnu lagi. Gætið þess að þekja allt sýkta svæðið. Þvoið hendur eftir að kremið er borið á til að koma í veg fyrir að sýkingin berist til annarra svæða líkamans.

Ráðlagður skammtur er:

*Fullorðnir og börn eldri en 12 ára:*

Meðhöndla á fótisveppi, hringlaga húðsveppasýkingu og hvítsveppasýkingu í húð einu sinni á sólarhring í eina viku en litbrigðamyglu 1-2 sinnum á sólarhring í tvær vikur.

Einkennin hverfa gjarnan eftir nokkra daga en það er mikilvægt að klára meðferðina til að fyrirbyggja að sýkingin taki sig upp aftur. Ef þú sérð engan bata innan tveggja vikna frá fyrstu meðferð skaltu hafa samband við lyfjafræðing eða lækinn. Hafðu í huga að nokkrar vikur geta liðið áður en húðin lítur alveg eðlilega út aftur.

#### **Notkun handa börnum**

Lamisil krem má eingöngu nota fyrir börn yngri en 12 ára í samráði við lækni.

#### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafðu umbúðir lyfsins við höndina.

#### **Ef gleymist að nota Lamisil krem**

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota. Halda á áfram að nota venjulegan skammt.

### **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Sumir geta verið með ofnæmi fyrir Lamisil kremi, sem getur valdið útbrotum, blöðrumyndun eða ofsakláða. Tíðni þess er ekki þekkt (ekki er hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Ef þú finnur fyrir einhverjum af þessum einkennum skaltu hætta meðferð og hafa strax samband við lækinn eða lyfjafræðing.

**Algengar aukaverkanir** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 sem fá meðferð):  
Flögnun húðar, kláði á notkunarstað.

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 sem fá meðferð):  
Sár á húð, hrúðurmyndun, húðkvilli, litabreytingar á húð, hörundsroði, sviðatilfinning í húð, verkir eða erting á notkunarsvæði.

**Mjög sjaldgæfar aukaverkanir** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sem fá meðferð):  
Húðþurrkur, snertihúðbólga, ofnæmisviðbrögð í húð s.s. húðútbrot. Versnun húðsýkingar.

Ef Lamisil berst í augun fyrir slysi getur það valdið ertingu í augum.

**Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt** (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):  
Útbrot, ofnæmi.

#### **Tilkynning aukaverkana**

Látid lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

### **5. Hvernig geyma á Lamisil krem**

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Lamisil krem 10 mg/g inniheldur

- Virka innihaldsefnið er terbínafrínhydróklóríð 10 mg/g.
- Önnur innihaldsefni eru natríumhýdroxíð (E524); bensýlalkóhól; sorbitanmónósterat (E491); cetýlpalmítat; cetýlalkóhól; sterýlalkóhól; polýsorbat 60 (E435); ísóprópýlmýristat; hreinsað vatn.

### Lýsing á útliti Lamisil kreams og pakkningastærðir

*Útlit:* Hvítt, glansandi krem.

*Pakkningastærðir:* Túpa með 15 g og 30 g.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### Markaðsleyfishafi

[Karo Healthcare AB](#)  
[Box 16184](#)  
[103 24 Stockholm](#)  
[SvífjórúHaleon Denmark ApS](#)

[Delta Park 37](#)  
[2665 Vallensbæk Strand](#)  
[Danmörk](#)

### Framleiðandi

Haleon Denmark ApS  
[Delta Park 37](#)  
[2665 Vallensbæk Strand](#)  
[Danmörk](#)

### Umboð á Íslandi

[Alvogen ehf.](#)  
[Sími: 522 2900](#)  
[Netfang: \[info@alvogen.is\]\(mailto:info@alvogen.is\)](#)  
[Artasan ehf.](#)  
[Suðurhrauni 12a](#)  
[210 Garðabæ](#)

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ~~desember~~ **maí** 2023.

Formatted: Swedish (Sweden)

Formatted: Font: Not Bold

Formatted: Font: Not Bold